



nóvember, 2021

Colas Ísland hf. – Almennir söluskilmálar

1. Gildissvið

- 1.1. Þessir almennu söluskilmálar gilda um sölu á vörum (hér eftir „vörurnar“) frá Colas á Íslandi hf. (hér eftir „Colas“) til kaupanda (hér eftir „kaupandi“), sem við kaupin teljast samþykktir af kaupanda.
- 1.2. Eigin innkaupaskilmálar kaupanda, almennir skilmálar kaupanda eða önnur skilyrði kaupanda, gilda því ekki um viðskiptin, hvort sem Colas telst meðvitað um þá eða ekki.
- 1.3. Ef kaupandi er neytandi gilda ófrávíkanlegar reglur laga nr. 48/2003 um neytendakaup um skilmála þessa.

2. Afhending

- 2.1. Afhending fer fram frá framleiðslustað/verkstað/tanki, eftir því sem við á, sem þýðir að ábyrgð og áhætta á vörunum færist til kaupanda um leið og varan stendur þar tilbúin til afhendingar til kaupanda.
- 2.2. Sé ekki skýrt samið um annað skriflega, eru yfirlýsingar og upplýsingar Colas um afhendingartíma aðeins til viðmiðunar og geta ekki undir nokkrum kringumstæðum verið grundvöllur krafna á hendur Colas.
- 2.3. Að stykkjavörum frátöldum eru vörurnar afhentar í lausu og magn mælt í tonnum/lítrum/fermetrum eftir því sem við á.
- 2.4. Afhending varanna er ávallt háð framleiðslugetu Colas hverju sinni.
- 2.5. Ábyrgð kaupanda á greiðslu fyrir vörur sem standa tilbúnar til afhendingar á áætluðum afhendingartíma helst óháð því hvort vörurnar séu sóttar eða ekki.

3. Vörurnar

- 3.1. Vörurnar eru afhentar í þeim gæðum sem almennt má gera kröfu um til vara sem þessara. Þar sem vörurnar innihalda náttúruleg efni getur Colas ekki borið ábyrgð á litamun.
- 3.2. Colas áskilur sér allan rétt til að gera breytingar á vörunum hvenær sem er, þ.m.t. en ekki takmarkað við innihaldsefni þeirra, frá þeim upplýsingum sem áður hafa verið veittar um þær, s.s. við tilboðsgerð, í vörulistum, verðlistum, bæklingum, á vefsíðu eða annars staðar.
- 3.3. Ef kaupandi gerir aðrar og stangari kröfur um vörurnar en almennt má ætla og/eða Colas hefur áður upplýst um, skal Colas tilkynnt það sérstaklega með sannanlegum hætti. Telst Colas aðeins hafa samþykkt afhendingu í samræmi við aðrar strangari kröfur ef skriflegt samþykki Colas liggur fyrir.

4. Verð og greiðsla

- 4.1. Verð er almennt tilgreint með virðisaukaskatti og er það sérstaklega tekið fram. Verð tekur hækkunum til samræmis við gildandi verðskrá hverju sinni. Fyrir afhendingu á vörum utan venjulegs opunartíma er tekið gjald í samræmi við gildandi verðskrá hverju sinni eða skv. skriflegu samkomulagi um annað.



nóvember, 2021

- 4.2. Colas er verulega háð hráefniskostnaði við verðlagningu sína. Verði Colas fyrir verulegum hækkunum (yfir 10%) frá birgjum fyrir afhendingu varanna en eftir pöntun þeirra skal Colas heimilt að hækka áður uppgefin verð því til samræmis.
- 4.3. Kaupanda ber að staðgreiða öll viðskipti nema skriflegt samkomulag liggi fyrir um annað. Kaupandi hefur ekki skuldajafnaðarrétt.
- 4.4. Afhendingardagur skal teljast gjalddagi varanna nema samið sé um annað. Séu vörurnar ekki greiddar á gjalddaga er Colas heimilt að krefjast dráttarvaxta í samræmi við ákvæði 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, auk innheimtukostnaðar. Colas á jafnframt rétt á því að hafna frekari afhendingum til kaupanda, óháð því hvort þær tengist sama verkefni eða öðrum.

5. Ábyrgð og kvartanir

- 5.1. Colas ber ekki ábyrgð á neinu óbeinu tjóni kaupanda, hvort sem er vegna galla á vörunum eða seinkunum á afhendingartíma, þ.m.t. en ekki takmarkað við rekstrartap, hagnaðarmissi, framleiðslutapi, dagsektum eða hvers konar kröfum frá þriðja aðila.
- 5.2. Komi í ljós galli í vöru sem Colas hefur afhent hefur Colas rétt á að velja á milli tveggja úrræða:
 - (i) Nýja afheningu á ógallaðri vöru; eða
 - (ii) Greiða kaupanda hæfilegan hlutfallslegan afslátt

Ofangreind úrræði (i) og (ii) eru tæmandi um úrræði vegna galla og afsalar kaupandi sér rétti til allra frekari vanefndaúrræða.

- 5.3. Ábyrgð Colas á mögulegu tjóni kaupanda sem rekja má til galla eða seinkunar á afhendingu varanna, takmarkast í öllu tilvikum við fjárhæð sem nemur þeirri heildargreiðslu sem kaupandi hefur greitt Colas vegna varanna.
- 5.4. Ákvæði gr. 5.1.-5.3 gilda óháð grundvelli ábyrgðar Colas, þ.m.t. um skaðsemisábyrgð.
- 5.5. Vegna eðlis varanna er kaupandi hvattur til að skoða og athuga vörurnar vel, þ.m.t. fylgiseðil, vigtun og hitamælingar, strax við afhendingu. Vörurnar eru seldar í því ástandi sem þær eru sem kaupandi hefur kynnt sér. Colas ber ekki ábyrgð á síðari hitabreytingum, blöndun, meðferð o.s.frv.

6. Öryggi á starfssvæðum Colas

- 6.1. Kaupandinn, þ.m.t. aðilar á vegum kaupanda, s.s. verktakar, er skyldugur til að fara í öllu að gildandi öryggisreglum á starfssvæðum Colas á hverjum tíma, þ.m.t. varðandi fatnað, hlífðarbúnað o.fl., auk þess að fylgja öllum merkingum og leiðbeiningum starfsfólks Colas.
- 6.2. Ef Colas telur að brotið hafi verið gegn gr. 6.1. á Colas rétt á að neita kaupanda, starfsmönnum hans eða aðilum á hans vegum, um aðgang að starfssvæðum Colas.
- 6.3. Óheimilt er að afferma á starfssvæðum Colas.



nóvember, 2021

7. Force majeure

7.1. Colas ber ekki áhættu eða ábyrgð á atburðum sem Colas hefur ekki stjórn á, þ.m.t. en ekki takmarkað við náttúruhamfarir, stríð, uppreisnir, elda, þjófnað, skemmdarverk, verkföll innanlands eða erlendis, farsóttir, faraldur, bilunum eða verulegum verðhækkunum hjá birgjum o.s.frv. Getur Colas því ekki borið ábyrgð gagnvart kaupanda á afleiðingum slíkra atburða.

8. Framsal

- 8.1. Kaupanda er óheimilt að framselja réttindi sín og skyldur í þeim viðskiptum með vörurnar sem skilmálar þessir gilda um.
- 8.2. Colas er heimilt að framselja réttindi sín og skyldur í þeim viðskiptum með vörurnar sem skilmálar þessir gilda um innan samstæðu eða til þriðja aðila, enda sé framsalið samhliða framsali hluta eða allri starfsemi Colas til þess þriðja aðila.

9. Markaðssetning

9.1. Kaupanda er óheimilt án skriflegs samþykkis Colas að nota nafn Colas, vörumerki eða auðkenni, við hvers konar markaðssetningu.

10. Persónuupplýsingar

10.1. Colas kann að vinna með persónuupplýsingar kaupanda. Vinnsla Colas á slíkum upplýsingum fer fram í samræmi við persónuverndarstefnu Colas sem má finna á www.colas.is.

11. Lög og lögsaga

- 11.1. Um skilmála þessa og viðskipti Colas og kaupanda með vörurnar gilda íslensk lög.
- 11.2. Úrlausn ágreiningsmála vegna skilmála þessara og viðskipti Colas og kaupanda með vörurnar, sem ekki tekst að leysa í sátt, skal heyra undir Héraðsdóm Reykjaness.

pr.pr. **Colas Ísland hf.**

Kt. 420187-1499

A handwritten signature in black ink, appearing to read "Sigvar Sigurdsson", written over the printed name and company information.

